

Mætt voru; Örn skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, fulltrúi starfsmanna : Þorsteinn, fulltrúar kennara : Arnheiður og Sigurlína, fulltrúar foreldra: Ingólfur, Hafdís og Marselía Dröfn, fulltrúi nemenda : Diljá Sól 7.bekk og Sóley 6.bekk.

1. Skóladagtal þessa árs, í upphafi var gert ráð fyrir tveim skertum dögum í lok skólaársins, þar sem ágreiningur var um hvort taka mætti „skertan“ dag síðdegis með öðrum skóladegi. Því var gert ráð fyrir að vorhátíð væri á sér degi og ekkert annað starf þann dag. Forsendur hafa nú breyst og því rætt um að setja vorhátíð síðdegis einhvern dag seint í maí. Skólastjórnendur munu athuga málin í samstarfi við frístundarheimili hvort þetta mun ganga upp og þá flytja skólaslit fram um einn dag.
2. Örn sagði stuttlega frá fjármálum skólans. Fórum framúr fjárhagsáætlun u.þ.b. 5. milljónir á síðasta rekstarári. Helgaðist það aðallega af langtímaforföllum og endurnýjun og viðhaldi á búnaði. Gerð hefur verið fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Nemendafjöldi eykst og þá um leið fær skólinn aukið fjármagn.
3. Rætt um kynningar á tómsundarstarfi fyrir nemendur innan skólans. Þversagnir í stefnu yfirvalda SFS og ákvæðis í aðalnámskrá um tengsl skóla og grenndarsamfélags. Ákveðið að skólaráð semji tillögu og sendi til borgaryfirvalda um óánægju okkar um að skólastjórnendur gæti ekki tekið sjálfstæðar ákvarðanir í þessum efnum.

Fundi slitið

Inga Sigurðardóttir